

9. ÚLFARSÁRDALUR

Meðfram Úlfarsá eru hvað stærstu votlendisbreiður í Reykjavík og þar eru verpa vafuglar t.d. hrossagaukur, lóupræll, jaðrakn og stelkur. Í mólendi í efri hlíðum dalsins verpa heiðlóa, spói og þúfutittlingur. Grágæsir, stökkendur, urtendur og skúfendur verpa næst ánni og gulendur dvelja þar á vetrum. Hrafnar eru áberandi á veturna eins og víða í borgarlandinu.

10. BLIKASTAÐAKRÓ

Þar sem Úlfarsá fellur til sjávar eru víðáttumiklar leirur sem tengjast Leiruvogi í austri. Á leirum og í fjörum meðfram ströndinni er mikið fuglalíf allan ársins hring. Tildra, rauðbrystingur og margæs sjást árlega og mikið er um ýmsar máfategundir m.a. stormmáfur sem verpur á þessum slóðum. Aðrir varpuglar eru t.d. tjaldur og æðarfugl.

11. ELLIÐAVATN OG HEIÐMÖRK

Elliðavatn og nálægar ár, tjarnir og votlendi eru með mikilvægari fuglasvæðum í borginni. Þar verpa vatnafuglar eins og himbrimi, álf, grágæs, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd og toppönd. Flórgoði hefur nýlega hafið varp við vatnið. Vaðfuglar verpa í votlendinu t.d. jaðrakn og lóupræll. Kríur og óðinshnar eru áberandi á sumrin. Í Heiðmörk eru helstu búsvæði fugla mólendi og skóglendi en mikið er af ræktuðum skógi. Í mólendinu verpa þúfutittlingur, heiðlóa og spói og steindepill í mesta grjótinu. Í skóginum eru skógarþröstur, auðnutittlingur og músarrindill algengir en sjaldgæfari eru t.d. glókollur og skógarsnípa. Rjúpur sjást allvíða sem og smyrill og fálki.

12. Í GARÐINUM HEIMA

Margir fuglar heimsækja gróna einkagarða enda gefa borgarbúar þeim oft á veturna. Spörfuglar eru algengustu gestirnir: einkum hrafn, skógarþröstur, svartþröstur, stari, auðnutittlingur, maríuerla og snjóttittlingur. Sjaldgæfari gestir eru t.d. silkitoppa og hettusöngvari.

Fuglar eru afar áberandi í náttúru Reykjavíkur og í borginni má finna mörg og fjölbreytt búsvæði fugla af ýmsu tagi: garðfugla, mófugla, vatnafugla og sjófugla.

Tækifæri til fuglaskoðunar eru því mikil og sífellt fleiri borgarbúar og gestir hafa fuglaskoðun að áhugamáli.

Í þessum bæklingi er greint frá helstu og bestu fuglaskoðunarstöðum í borginni sem jafnframt eru mikilvæg búsvæði fyrir fjölda fuglategunda.



Maríuerla

Stökkönd




Fuglavernd



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is/idandi
www.fuglavernd.is

Hönnun og texti: Snorri Sigurðsson.
Ljósmyndir: Björn Ingvarsson og Elma Rún Benediktsdóttir
Prentun: Guðjón Ó.



FUGLASKOÐUN Í REYKJAVÍK

- Upplýsingar og kort yfir
fuglaskoðunarstaði í Reykjavík -



Fuglavernd



HVAR ER GOTT AÐ SKOÐA FUGLA Í REYKJAVÍK ?

Góðir fuglaskoðunarstaðir finnast víða í borginni, frá fjöru til fjalla, við vötn og ár og jafnvel inni í görðum. Hér verður greint frá nokkrum vel þekktum stöðum þar sem aðgengi er gott að fuglum og búsvæðum þeirra.

1. HOFSVÍK Á KJALARNESI

Fuglalíf er auðugt á Kjalarnesi m.a. verpur lundi í Andríðsey. Auðvelt er að fylgjast með fuglum í Hofsvík en á skerjum sitja oft dílaskarfar og toppskarfar. Mikið er um máfa t.d. svartbak, hvítmáf og sílamáf. Æðarfuglar eru áberandi og straumendur sjást oft. Í fjörum verpa t.d. tjaldur og sandlóa.

2. SKERJAFJÖRÐUR OG FOSSVOGUR

Reykjavík liggur að Skerjafirði að norðanverðu og teygir Fossvogur sig inn úr firðinum. Fuglalíf er auðugt á þessu svæði enda strandlengjan að mestu ósnortin og fæðuframboð fyrir fugla mikið í þangfjörum, sendnum leirum og grunnsævi. Algengar tegundir eru t.d. æðarfugl, stökkönd, rauðhöfðaönd, hávella, tjaldur, sandlóa, tildra, sendlingur, kría, hettumáfur og sílamáfur.



3. REYKJAVÍKURTJÖRN OG VATNSMÝRI

Við Reykjavíkurtjörn dvelja að staðaldrí hundruð fugla, einkum álftrir, grágæsir og ýmsar andategundir. Endurnar verpa flestar í stóra hólmanum við Tjörnina m.a. stökkönd og skúfönd. Í Vatnsmýri og í Porfinnhólma verpa kríur og hettumáfar. Urtdendur, gargendur og ýmsir vaðfuglar verpa í Vatnsmýri. Sílamáfar eru algengir gestir.

4. EYJARNAR Í KOLLAFIRÐI

Eyjarnar í Kollafirði eru afar mikilvæg búsvæði fyrir fugla, einkum sjófugla. Lundi verpur í Akurey og Lundey og í Viðey er stærsta æðarvarp í Reykjavík. Stór máfavörp eru í Engey og fýlar verpa víða í klettum. Ýmsar anda- og vaðfuglategundir verpa í Viðey þar sem helst er að finna votlendi. Á veturna má sjá ýmsa vetrargesti við fæðuleit á sjónum t.d. bjartmáf, dílaskarfa, hávellu og lóm.

5. ÖSKJUHLÍÐ OG FOSSVOGSDALUR

Í skógræktinni í Öskjuhlíð og Fossvogsdal og í Kirkjugarðinum í Fossvogi verpa einkum spörfuglar t.d. auðnutittlingur, skógarþröstur, svartþröstur og sjaldgæfari tegundir eins og glókollur og krossnefur. Þar er einnig að finna náttstaði stara og flækingsfuglar sjást oft á þessum gróðursælu stöðum.

6. GRASAGARÐURINN

Í Grasagarði Reykjavíkur í Laugardal er friðsælt og skjólgott og mikið um spörfugla. Þar hafa svartþrestir orpið lengi og glókollar sjást einnig. Þangað sækja líka grágæsir og stökkendur.

7. ELLIÐAÁRDALUR

Í Elliðaárdal er fjölskrúðugt fuglalíf enda eru þar mörg búsvæði. Við Elliðaárna verpa t.d. álftr og endur sem einnig dvelja þar að vetri. Þar má stundum sjá straumendur og gulendur. Heiðlour, hrossagaukar, stelkar o.fl. vaðfuglar eru þar einkum á sumrin og mikið er um spörfugla allt árið.



8. GRAFARVOGUR

Leirurnar í Grafarvogi eru meðal mikilvægustu fuglabúsvæða í Reykjavík. Þar er mikið fuglalíf allan ársins hring, einkum vaðfuglar, máfar og endur. Vorin og haustin eru lykiltími fyrir fuglaskoðun því þá koma hundruð vaðfugla þar við, á ferð sinni frá varpstöðvum á heimskautasvæðum, t.d. rauðbrystingar, sanderlur og lóuprælar sem sækja sér fæðu fyrir áframhaldandi far. Íslenskir farfuglar koma þangað einnig t.d. jaðrakanar og stelkar á vorin og heiðlour hópa sig þar á haustin. Á veturna eru gráhegrar reglulegir gestir í Grafarvogi.